

# 1. Stjórnarfundur 2012

## Dagsetning:

Tue, 03/01/2012

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.1 árið 2012

Fyrsti fundur ársins 2012 haldinn á heimili Halldórs kl. 14.00.

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Vilborg Jónsdóttir, Eggert Björgvinsson

- Fundur haldinn til að ákveða lagalista til að útsetja fyrir landsmótið. Margar hugmyndir komnar inn frá ýmsum aðilum að Norðan.
- Listinn verður sendur til nótnanefndar og henni falið að velja útsetjara og lög til að fullvinna. Gæti orðið vandasamt að finna lög fyrir A – sveitir.
- Síðasti skiladagur laga verður 1. Mars 2012
- Á landsmótinu verða 3 lög á sveit. Fá nótnanefndina til að gera tillögur að lögum fyrir mótið.
- Ákvörðun tekin að vera ekki með LÆ á landsmótinu á Akureyri. Guðmundur Óli ekki búinn að svara með æfingahelgi og margir hljóðfæraleikarara LÆ með áhyggjur vegna prófa. Einnig er ljóst að ekki er aðgengilegt verkefni eins og Karnival dýranna til að æfa og nota á þessu móti.
- Leggja á til að LÆ spili í Hörpu á uppskeruhátíð Nótunnar 18. Mars. Þarf að athuga hvort Guðmundur Óli sé laus og einnig hvort það gangi upp vegna skipulags Nótunnar.
- Lagt til að LÆ verði aftur næsta haust og óska eftir að Guðmundur Óli verði aftur stjórnandi.
- Þarf að hugsa vel hvernig LÆ verður skipulagt og búa til eftirsóknavert námskeið og tónleika svo hljóðfæraleikararnir vilji taka þátt í þessu.

Fundi slitið kl. 16.00

## 2. Stjórnarfundur

### Dagsetning:

Fri, 24/02/2012

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.2 árið 12. Janúar 2012

Annar fundur 2012 haldinn á heimili Halldórs kl. 10.30

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Vilborg Jónsdóttir, Daði Þór Einarsson

- Nótanefndin er að sjá um útsetningar
  
- LÆ – Guðmundur Óli er laus til að koma helgina 17. – 18. Mars og spila á Nótunni
- Senda bréf á LÆ þátttakendur varðandi Nótuna
- Fyrst þarf þó að hafa samband við Nótunefndina
- Hafa samband við Inga Garðar og Þorvald um hvort þeir geti hugsað sér að vera í LÆ stjórn
  
- Búa til mótsnefnd fyrir landsmótið, Magna er þegar orðin fulltrúi frá Tónlistarskóla Akureyrar. Viljum tala líka við Halldór sem er formaður foreldrafélagsins og fá hann í nefndina.
- Mótsmerki, bolir, fá logo frá Tónlistarskóla Akureyrar. Hafa samband við Bros og Ísspor. Ahtuga kostnað
  
- Þarf að skoða hvaða stjórnendur verða með sveitirnar, þurfum stjórnendur fyrir 5 sveitir, gulan, appelsínugulan, rauðan, grænan, bláan.
  
- Athuga hvort það komi kennarar með hljómsveitunum
  
- Gjaldið á landsmótið 14 – 15 þúsund
  
- Senda inn styrktarumsóknir á Akureyri

Fundi slitið kl. 12.15

Skrifa bréf um landsmótið sem allir stjórnendur fá og geta framsent til foreldra

# 3. Stjórnarfundur

## Dagsetning:

Fri, 24/02/2012

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.3, 22. febrúar 2012 kl. 10.00

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Vilborg Jónsdóttir, Daði Þór Einarsson

- Össur búinn að útbúa Exelskjál fyrir skráningu á landsmótið. Spurning hvort það eigi að bæta einhverju við skjalið?
- Daði leggur til að bæta við dálkum aftast sem stjórnendur geta fyllt út staðfestingargjöld
- Spurning hvort eigi að bæta við að raða niður á raddir í klarinettum og trompetum?
- Senda út bréf vegna skráningar á landsmótið. Skráning þarf að skila inn fyrir 10. Mars. Staðfestingargald er kr. 2000,- og er óafturkræft.
- Enn eru laus pláss á landsmótið
- Undirbúningur fyrir mótsblaðið er komið á fullt, nú vantar bara upplýsingar frá stjórnendum.
- Halldór ætlar að skrifa formannspistol í blaðið
- Þarf að raða stjórnendum og aðstoðarmönnum á hljómsveitir. Gerum ráð fyrir að allir stjórnendur verði settir á hljómsveitirnar. Fólk skipti svo með sér verkum
- Ræða við Þorvald um að halda utan um slagverkið
- Athuga hvort það séu ekki einhverjir kennarar á Akureyri sem hægt væri að fá til aðstoðar hljómsveitunum.
- Halldór ætlar að ræða við Össur um útsetningar sem hann á með það í huga að SÍSL kaupi af honum þessar útsetningar.
- Nýjar útsetningar verða settar á heimasíðuna um leið og þær verða tilbúnar
- Þarfa að ákveða nýjan meðlim í stjórn SÍSL þar sem Eggert ætlar ekki að bjóða sig fram í gjaldkerastöðuna.
- Stefnt á að halda aðalfund SÍSL þriðjudag 10. Apríl kl. 9.30 – 16.00 í Kríunesi
- Hvenær eiga landsmótin að vera og hvar? Komið hafa fram hugmyndir um að C/D mótin séu frekar á vorin og lengra frá Reykjavík, en A/B mótin á haustin nær bænum.
- Skrifa niður hugmyndir um C/D mót og leggja fyrir aðalfundinn
- Hvernig viljum við halda áfram með LÆ? Þarfa að horfa lengur fram í tímann
- Sækja um í styrktarsjóð Tónlistarhússins varðandi LÆ

Fundi slitið kl. 12.30

# Stjórnarfundur 4

## Dagsetning:

Tue, 03/04/2012

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.4, 2. apríl 2012 kl. 10.00

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Vilborg Jónsdóttir, Daði Þór Einarsson og Eggert Björgvinsson

- Frá síðasta stjórnarfundu hafa farið fram mikil samskipti í netheimum. Aðallega um skráningu á landsmót.
  - Byrjað á að yfirfara skráningarlista og hvernig raðast í sveitir á landsmótið.
  - Á mótið eru skráðir 595 hljóðfæraleikarar.
  - **Appelsínugulur: 86**
  - **Gulur: 106**
  - **Rauður: 152**
  - **Grænn: 118**
  - **Blár: 81**
  - **Slagverk: 52**
- 
- Farið yfir raddskipan og skoðað hvort þurfi að færa eitthvað á milli sveita. Spurning hvort rauða sveitin sé of stór?
  - Niðurstaðan að ekki eigi að fara í stórar tilfærslur en æskilegt að færa klarinett frá grænni sveit yfir í bláa og færa trompeta milli 1. og 2. radda í grænni og blárri.
  - Stjórnendum raðað í sveitir:
  - **Appelsínugulur: Aðalstjórnendur: Gillian og Jóhann Morávek**
    - Aðstoðarmenn: Vigdís Klara, Trausti, Sveinn Sig., Guðbrandur
  - **Gulur: Aðalstjórnendur: Martin og Jóhann Björn**
    - Aðstoðarmenn: Margrét, Edward, Harpa, Steinar
  - **Rauður: Aðalstjórnendur: Kári og Skarphéðinn**
    - Aðstoðarmenn: Össur, Ari, Ian, Ása Berglind
  - **Grænn: Aðalstjórnendur: Einar Jóns. og Eypór**
    - Aðstoðarmenn: Magdalena, Valdimar, Áki
  - **Blár: Aðalstjórnendur: Alberto og Jóhann Stefánsson**
    - Aðstoðarmenn: Lárus, Karen, Gestur
  - **Slagverk: Aðalstjórnendur: Þorvaldur og Baldur**
    - Aðstoðarmenn: Heiðrún, Daníel Sveinn Birgisson
- 
- Sent verður út bréf til stjórnenda með þessum upplýsingum
  - Slagverkið þarf að skoða sérstaklega þar sem ekki er ljóst hvort skráning þar sé rétt. Stjórnendur þurfa að athuga hvort þeir hafi réttilega skráð sína slagverksmenn í hljómsveitir eða hvort þeir hafi ætlað að slagverksleikarar æfi í slagverkshópi en geti líka verið í hljómsveitunum.
  - Stjórn þarfa að fá upplýsingar frá gjaldkera fyrir aðalfund vegna landsmóts á Selfossi ásamt ýmsum kostnaðarupplýsinga.

- Það vantar nýjan gjaldkera í stjórn. Halldór búinn að skoða málið og er með nokkra í sigtinu.
  - Í SÍSL eru 22 sveitir virkar
  - C/D nótnapakki fór til 21 sveitar
  - A/B nótnapakinn fer til allra og allir verða að borga fyrir sína pakka. Óheppilegt að C/D nótnapakinn fór á þetta gjaldaár, það verða því tveir nótnapakkar á þessu ári.
  - Mjög nauðsynlegt að skoða hvernig verður með heimasíðuna. Malcolm vill draga sig út úr því. Hver getur tekið við af honum?
  - Senda þarf upplýsingar til sveitanna um Prúðmennskubikarinn sem er fyrir framkomu, umgengni, kurteisi og annað sem þykir til fyrirmyndar. Bera virðingu fyrir öðrum og eignum annarra, hlýta reglum um ró á gististöðum, ganga vel um og ganga frá eftir sig í matsal.
  - Stjórn leggur til að Jóhann Morávek verði fundarstjóri og Einar Jónsson fundarritari
  - NoMU á aðalfundi þarf að ræða hvort SÍSL vill halda áfram að vera í NoMU. Reikningur fyrir þátttöku var sendur út núna og boðað til fundar í Noregi 14. Apríl næstkomandi.
  - Vilborg leggur til að SÍSL og SÍL sameini krafta í sína í þátttöku í NoMU og athugi hvað verður um áframhald þar hvort Ísland eigi að vera aðili að þessu félagi.
  - Á aðalfundi þarf að ræða um komandi landsmót, hvenær þau eiga að vera og hvar?
  - Hverjir eiga að halda mótin? SÍSL eða mótshaldarar?
- 
- Fundi slitið kl. 13.00



## Fundargerð aðalfundar SÍSL 10.4.2012 í Kríunesi

Mættir:

Einar, Villa, Eggert, Halldór, Baldur, Martin, Daði, Jóhann Björn (fór af fundi kl 12), Lárus, Bára, Jóhann Stef, Gestur, Jóhann Moravék, Kári.

Jóhann Moravék fundarstjóri, Einar fundarritari

Fundur settur kl. 10

- 1. Skýrsla stjórnar.** Halldór formaður les. Puntar úr skýrslu: Haldnir voru 18 fundir, Landsmót Selfossi Læ, nótnanefnd, Læ nefnd. Dreifa ábyrgð/störfum. Endurnýja í nefndir. Aldurstakmark LÆ? Flaggskip samtakanna. Nefnd um LÆ? Landsmót og nótnaútgáfa stærstu hlutverk samtakanna. Eru landsmótin of stór, minni sveitafélög geta ekki tekið á móti okkur. Of mikil áhersla á nýja útsetningar árlega? Nótnaútgáfa þarf að halda áfram. Staðbundnir styrkir. Nótnanefnd kosin? Framtíð samtakanna: ættum við að sameinast öðrum samsvarandi samtökum, eða stofna regnhlífasamtök. Stjórn langbreytt á skilum félaga á skráningum, upplýsingum í mótsblað eða annað. Á að „loka“ skráningum á ákveðnum degi? Vefsíðan orðin munaðarlaus. Stofna nefnd um það? Eggert gjaldkeri hættir. Halldór óskar eftir að hætta ef einhver býður sig fram. Skýrsla stjórnar samþykkt af fundarmönnum.
- 2. Ársreikningar.** Eggert gerir grein fyrir. Skoðunarmenn reikninga fengu ekki að lesa reikningana fyrir fund. Reikningar samþykktir samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.
- 3. Lög félagsins. Tillaga að lagabreytingu barst of seint svo ekkert verður af lagabreytingum.**
- 4. Kosning stjórnar.** Eggert og Halldór hætta. Eggert klárar þó Akureyrarmótið. Ekki skynsamlegt að skipta fyrir en að því loknu. Stungið er upp á Jóhanni Stefánssyni og tekur hann að sér stjórnarsetu. Baldur býður sig fram. Stjórnin er því Vilborg, Baldur, Jóhann Stefánsson. Varastjórn endurkosin. Hún samanstendur því af Daða, Lárus og Karen.
- 5. Kosning endurskoðenda.** Einar og Jóhann Björn endurkjörnir
- 6. Félagsgjöld.** Árgjaldið er 10 þús og tillaga er um óbreytt árgjald. Umræða um breytt fyrirkomulag, þ.e. mismunandi eftir höfðatölu í sveitunum. Lagt er til a) óbreitt b) 2 þús hækkun c) 5 þús.  
B liður var samþykktur með miklum meirihluta.
- 7. Önnur mál.**
  - A) Einar leggur til kosningu í nefndir:** Læ, Nótnanefnd, Vefsíða, Landsmótsnefnd.
  - B) Kostnaður við að vera í stjórn.** Ætti ekki að ræða það eitthvað, t.d. aðstoð við símakostnað. Fráfarandi stjórn er falið að finna út kostnað og semja reglur um það.

- C) Félagaskrá- Jóhann Björn leggur til að hver hljóðfæraleikari sér félagi í SÍSL en ekki hljómsveitirnar.
- D) Ársskýrsla. Stjórn falið að útbúa standard eyðublað til að halda utan um félagafjölda.
- E) Landsmót-tímasetningar. Vilborg vil gera könnun á óskum um tíma á landsmót. Skólaárið 2012-2013 ekkert mót. Hausti 2013 A mót (námskeið). Vor 2014 BC mót eða CD. Athuga að hætta við námskeiðafyrirkomulagið hjá elstu sveitunum eða blandað fyrirkomulag. Martin óskar eftir A móti sér og BCD sér. Halldór leggur eftirfarandi til:  
2013 LÆ vor, 2014 BC vor, 2015 A vor. Kosið um hverja tillögu fyrir sig: mikill meirihluti samþykkir tillögu Halldórs.

Rætt um fyrirkomulag og sambland af einstökum sveitum, námskeiðsform og fyrirlestrar (atvinnumenn kynna eitthvað).

-Læ dýrt, má kosta í LÆ t.d. 16500.- fyrir tvær helgar? Leita leiða til að gera LÆ ódýrara!

Læ nefnd valin; Ingi Garðar, Þorvaldur Halldórsson og Vilborg Jónsdóttir (fulltrúi úr stjórn), Halldór Sighvatsson (starfsmaður).

-Nótnanefndin- fagfólk sem unnið hefur „dýra“ vinnu sem hefði þurft að greiða mikið fyrir í aðkeyptri vinnu á markaði. Jóhann Moravék leggur til að nótnanefndin fá greitt sem ígildi einnar c-sveitar útsetningar að launum fyrir vinnuna við staðlana. Samþykkt samróma. Núverandi nefnd beðin að halda áfram. Martin býður sig fram sem varamann eða viðbótar.

-NOMU (Nordisk Musikkere Union) Sísí og Síli aðilar að því fyrir hönd Íslands. Fundahöld árlegt uns fjárframlög dattu niður árið 2006. Skipulagður var fundur á Íslandi 2009 en hann féll niður vegna goss í Eyjafjallajökli. Reynt að blása lífi í samtökin, kominn reikningur 1600 DKR. Vill Sísí vera virkur þátttakandi í samtökunum? Fundur helgina 14-15.apríl 2012. Vilborg upplýsir um söguna og þróun samtakanna. Næstu helgi á að ræða stjórnendaskipti og stórt Evrópuverkefni. Greitt atkvæði um hvort Sísí að sótt sé um að Sísí og Síli fái að deila kostnaðinum milli sín. Fundurinn samþykkti einróma að sækja um að greiða eitt gjald og ákveða í framhaldinu hvort við viljum vera með eða ekki. Daði býður sig fram í þetta starf. Einar og Martin eru líka til að vera með að einhverju leiti.

-Heimasíðan er löskuð, póst virknin er biluð. Malcolm vill hætt með síðuna. Baldur athugar með tölvuaðstoð í Hólminum.

-Hvar verður næsta landmót? Athuga með Ísafjörð. Snæfellsnes er til í dæminu. Skólahljómsveit Grafarvogs er til í að halda mót. Landsmótsnefnd valin; Gestur og Jóhann Moravék bjóða sig fram.

-Salir á Akureyri athugaði. Einar skoðaði og kvað úr um að Júdósalur væri nægjanlega stór.

-Lagabreytingar. Verð á útsetningum til sveitanna til útsetjara verið óbreytt síðan okt 2009. Vantar forstigi? Ekki hækka nótnagjöldin til sveitanna. Bíða með að hækka verð til útsetjara. Stjórninni falið að skoða málið.

Fundi slitið kl 15.05

Sign. Einar Jónsson

# 5. Stjórnarfundur

## Dagsetning:

Wed, 19/09/2012

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.5, 14. maí 2012 kl. 8.30  
Símafundur

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Vilborg Jónsdóttir, Jóhann Stefánsson og Baldur Orri

- Farið yfir helstu atriði landsmótsins. Það kom ágætlega út og virtist vera um 3 millj.í plús
- Það sem betur mátti fara á mótinu: 1. Aðstaða til ljósritunar á æfingastöðum vantaði, meira mál að þurfa að fara annað til að ljósrita. 2. Miklar raðir í matinn og afgreiðslan gekk heldur hægt.
- Fínt að hafa tónleika á opnunarkvöldi, heimamenn vildu ekki spila
- Setja upp fyrir mótin að heimamenn sjái um setninguna og komi með tónlistaratriði.
- Erfiðlega gengur að fá stjórnendur til að senda inn skráningu á landsmótin.
- Hugmynd að þeir sem skrái snemma greiði grunngjald en gjaldið hækki þegar nær dregur mótinu.
- Einar Jónsson í Grafarvogi geymir skáp með nótum, raddskrá, armböndum og ýmsum skjölum.
- Jói Stefáns með armbönd frá landsmótinu á Selfossi
- Skjöl hjá Daða sem koma frá Birgi Sveinssyni? Birgir svo lengi formaður
- Spurning hvort það eigi að skanna inn allt nótnasafnið og eiga afrit?
- Heimasíða SÍSL þarf að halda utan um heimildir
- Óskað er eftir því að Eggert fráfarandi gjaldkeri sendi út rukkun fyrir A/B nótnapakka
- Formleg skráning SÍSL hjá Þjóðskrá, Gerður Ólafsdóttir hjá RSK
- Þarf að ræða við Malcolm um heimasíðuna
- Fyrirtæki í Stykkishólmi sem heitir Anok.is sem er jákvætt fyrir því að taka við heimasíðu SÍSL
- Samskipti við Guðmund Óla fór fram í tölvupósti, ekki gerður sérstakur skriflegur samningur
- LÆ þarf að hafa samband við hann um framhald
- Össur beðinn um að klára að ganga frá útsetningum af Þursafóníu og Spilverki Þjóðanna til útgáfu fyrir SÍSL, lögin boðin til sölu ekki skylda að kaupa.
- Reikningar NoMU sem þarf að ganga frá við stjórn SÍL
- Eggert ætlar að klára uppgjör landsmótsins áður en hann skilar af sér.
- Eðlilegt að stjórnarseta í SÍSL skiptist á milli fólks og það sé ekki of lengi í stjórninni.
- Ný stjórn skipti með sér verkum: Vilborg Jónsdóttir formaður, Jóhann Stefánsson gjaldkeri og Baldur Orri Rafnsson ritari og umsjónarmaður heimasíðu



## 6. Stjórnarfundur

### Dagsetning:

Wed, 19/09/2012

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.6, 16. Sept. 2012 kl. 13.00

Þátttakendur: Vilborg og Jóhann. Baldur Orri hafði boðað sig til fundar en kom ekki. Stjórnarmeðlimir tveir leggja til að kalla út varamann í stjórn þar sem Baldur Orri hefur ekki skilað sér.

Yfirlit frá sumrinu:

- LÆ nefndin ásamt stjórn SÍSL hittist á fundi 31. Maí í Kaffi Flóru. LÆ nefndin er skipuð að Þorvaldi Halldórssyni og Inga Garðari Erlendssyni. Farið yfir hugmyndir um LÆ fyrir komandi vetur. Þarf að búa til ramma um LÆ. Finna heppilegan æfingastað. Ýmsar hugmyndir ræddar.
  - Guðmundur Óli var í sambandi og gengið frá við hann að æfa helgina 13. – 14. Október.
  - Send var inn umsókn í Styrktarsjóð SUT og Ruthar Hermanns í Hörpu 6. Ágúst.
  - Formaður gerði nokkrar tilraunir til að boða stjórn til fundar en ekki gekk að ná sambandi við Baldur Orri fyrr en 14. Sept.
- 
- Ekki var gengið frá að senda út rukkun fyrir A/B nótnapökkum þar sem gjaldkeraskiptin tóku tíma og þótti orðið of seint að senda rukkunina út í sumar.
  - Nú þarf að ganga frá því að senda rukkunina út.
  - Þetta eru 3 B – sveitar lög og 4 A – sveitar lög. Samtals kr. 24.000,-
  - Jóhann mun sjá um að senda þetta út til hljómsveitanna.
  - Eggert þarf að ganga frá skýrslu vegna styrks sem fékkst fyrir landsmótið á Selfossi.
  - Helstu verkefni vetrarins verður LÆ og endurgerð heimasíðu
  - Einnig þarf að ganga frá þátttöku í NoMU við SÍL og uppgjöri
  - Vilborg sendir bréf til stjórnenda til upplýsinga um stjórnarskipti og LÆ
  - Ef ekki fæst styrkur frá Hörpu þarf að finn heppilegt tónleikahús fyrir LÆ í mars
  - Stefna á eina tónleika með LÆ í mars undir stjórn Guðmundar Óla þar sem flutt verða stór verk fyrir blásarasveit.
  - Vilborg fór á fund með Ilan Volkof stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands um þátttöku LÆ í Tectonics hátíðinni sem verður 18. – 20. Apríl í Hörpu.
  - Einar Jónsson býður fram húsnæði hjá sér til æfinga LÆ
  - Nauðsynlegt að búa til LÆ. Hugmynd að biðja stjórnendur um að tilnefna þá hljóðfæraleikara sem eiga erindi í þessa hljómsveit. Æskilegt að SÍL sé þátttakandi í LÆ þar sem þar eru oft nemendur sem eru hættir í skólahljómsveitum en ættu erindi í LÆ.
  - Miðað við að LÆ sé skipuð nemendum á aldrinum 14 – 25 ára.